

Aðstandendahópur Geðhjálp

Formleg stofnun aðstandendahóps Geðhjálp, sem fram fór í gær, er mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir því, að þeir, sem eiga við geðsýki að stríða njóti almennra mannréttinda í okkar þjóðfélagi. Það er dýpra á því að svo sé en margan grunar.

Formleg stofnun aðstandendahóps Geðhjálp, sem fram fór í gær, er mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir því, að þeir, sem eiga við geðsýki að stríða njóti almennra mannréttinda í okkar þjóðfélagi. Það er dýpra á því að svo sé en margan grunar. Svanur Kristjánsson, prófessor, sagði á stofnfundinum í gær, að þeir, sem að þessu hefðu starfað væru að skipuleggja sig til að vinna fyrir ástvini sína og "til þess að hjálpa okkur sjálfum til að standa sem best við bakið á ástvinum okkar." Og bætti því við að markmiðið væri líka að hjálpa þjóðfélaginu til þess að vera það, sem það vildi vera.

Það skiptir miklu máli að þessi hópur er kominn fram á sjónarsviðið. Hann er líklegur til að berjast markvisst fyrir bættri stöðu geðsjúkra, ekki sízt vegna þess, að hópurinn gerir augljóslega meiri kröfur en hingað til hafa verið gerðar í þeirra þágu. Hingað til hafa margir þeir, sem sinnt hafa þessum málum verið þakklátir fyrir hvert nýtt skref, sem hefur verið stigið. Nú er að koma fram ný kynslóð, sem gerir meiri kröfur og það er áreiðanlega tímabært, að það sé gert.

Ámi Magnússon, félagsmálaráðherra, sem talaði á stofnfundinum, hefur sýnt í verki, að hann vill beita sér fyrir framförum á þessu sviði. Gera má ráð fyrir, að á næstu misserum verði verulegar úrbætur í húsnæðismálum geðsjúkra en þeir hafa tekið höndum saman í þessum málum, félagsmálaráðherra og Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra.

Aðstandendahóps Geðhjálp biða mörg stór verkefni og ekki bara á sviði húsnæðismála geðsjúkra, þar sem brýnna úrbóta er þörf. Það er eitt af þeim hneykslum í þessu þjóðfélagi, sem lítið er talað um, að nálægt 100 geðfatlaðir einstaklingar skuli vera húsnæðislausir.

Annað verkefni sem óskandi er að aðstandendahópurinn taki til meðferðar snýr að þeim sjálfum. Hvemig eiga makar eða foreldrar að bregðast við geðsýki? Hvemig á að útskýra þennan sjúkdóm fyrir börnum? Hvemig á að hjálpa börnum til þess að komast klakklaust frá því að kynnast þessum sjúkdómi hjá foreldri á æskuárum?

Þetta eru stór verkefni, sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. Það eru því miklar væntingar bundnar við störf aðstandendahópsins á næstu árum.

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1046825/>